

## Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að grípa tafarlaust til aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Haustið 2002 skal leyfilegur veiðitími á rjúpu vara 1.–30. nóvember. Rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins skulu eflar eins og kostur er og fylgst grannt með því hvort aukin friðun skilar sýnilegum árangri. Áður en veiðitími hefst haustið 2003 skal metið hvort grípa verði til enn frekari aðgerða, svo sem sölubanns eða alfriðunar stofnsins um eitthvert árabíl.

### Greinargerð.

Hafið er yfir allan vafa að ástand rjúpnastofnsins er afar bágborið um þessar mundir og að teknu tilliti til vel þekktra sveiflna er ljóst að stofninn hefur verið á hægfara niðurléið um langt árabíl. Staðkunnugum mönnum á helstu varp- og uppeldisslóðum rjúpunnar, sem eru ekki hvað síst á Norð-Austurlandi, ber nær undantekningarlaust saman um að ástandið hafi versnað jafnt og þétt. Nú síðast hefur Náttúrufræðistofnun komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til þess að hafa alvarlegar áhyggjur af stöðu stofnsins og mun setja rjúpuna á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Fjölmargir landeigendur, gamalreyndir veiðimenn, sveitarstjórnir og fleiri aðilar hafa að undanfögnu látið í sér heyra um málið og sent frá sér ályktanir og áskoranir til stjórnvalda um að gripið verði til aðgerða. Í hópi þessara baráttumanna fyrir verndun rjúpnastofnsins er Árni G. Pétursson, fyrrverandi ráðunautur á Vatnsenda á Melrakkaslétu, en hann hóf baráttu fyrir því fyrir nokkrum árum að rjúpan yrði sett á válista.

Að sjálfsögðu kunna að vera skiptar skoðanir um hvaða aðgerðir séu vænlegar til verndar rjúpnastofninum. Hafa menn í því sambandi nefnt kosti allt frá því einu að auka rannsóknir og eftirlit með rjúpunni án þess að grípa til neinnar friðunar fyrst um sinn. Eru færð fram þau rök að fyrst þurfi að rannsaka hversu stór þáttur veiðiálagið sé í afkomu stofnsins eða jafnvel hvort veiðar hafi yfir höfuð nokkur áhrif. Aðrir hafa mælt með því að sala á rjúpum eða jafnvel allri villibráð verði bönnuð til þess að draga úr magnveiði. Einnig er þekkt sums staðar í nágrennalöndunum, t.d. í Noregi, að veiði sé bundin við tiltekin fjölda fugla á dag. Enn aðrir, og þeim fjölgar nú ört, ganga svo langt að leggja til tafarlausu alfriðun rjúpunnar um ótilgreindan tíma þar til stofninn hefur náð sér. Sú tillaga sem hvað víðtækastur stuðningur virðist vera við er að stytta veiðitímamann. Er þá oftast talað um að færa upphaf veiðitímans aftur, að minnsta kosti til 1. nóvember. Eins ætti að vera útlátalaust að fella niður veiði í desember. Bent er á að til viðbótar því að draga úr veiðiálagi mundi þetta koma að gagni til verndar landi á viðkvæmu tímabili í bleytutíð á haustin. Tillagan gerir því ráð fyrir að umhverfisráðherra verði falið að grípa til slíkra aðgerða þegar á þessu hausti. Með öllu er óviðunandi að því sé borið við haust eftir haust að ekki sé tími til aðgerða fyrr en að ári liðnu. Í því sambandi er rétt að fram komi að flutningsmaður tillögu þessarar lagði fyrirspurn fyrir um-

hverfisráðherra þegar í upphafi þings síðasta haust um hvort fyrirhugaðar væru aðgerðir til verndar rjúpunni. Því miður sá ráðherra sér ekki fært að svara fyrirspurninni fyrir en eftir að veiðitíminn var hafinn og var því þá eðlilega borið við að of seint væri að aðhafast nokkuð á því hausti. Jafnframt styttingu veiðitímans gerir tillagan ráð fyrir að rannsóknir verði eflaðar og eftirlit aukið þannig að unnt sé að meta eins vel og kostur er hvaða áhrif þessi friðunaraðgerð hefur á viðkomu stofnsins.

## Fylgiskjal I.

### **Bréf forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til umhverfisráðherra um ástand rjúpnastofnsins og tillögur um aðgerðir.**

(21. ágúst 2002.)

Vísað er í fund sem undirritaður átti ásamt Ólafi K. Nielsen, umsjónarmanni rjúpnarannsóknna á Náttúrufræðistofnun Íslands, með fulltrúum umhverfisráðuneytis, þeim Ingimar Sigurðssyni og Sigurði Á. Þráinssyni í ráðuneytinu 10. júlí sl.

Á fundinum var ákveðið að Náttúrufræðistofnun legði fram álit sitt á ástandi rjúpnastofnsins fyrir lok ágústmánaðar ásamt mati á því hvort ástæða væri að grípa til aðgerða honum til verndar og þá hvaða aðgerða.

Það er rökstutt mat Náttúrufræðistofnunar að rjúpum hafi fækkað verulega á liðnum áratugum, stofnsveiflur séu að sléttast út og stofninn virðist vera í sögulegu lágmarki (samanber hjálagða greinargerð). Vegna þessarar miklu fækkunar mun Náttúrufræðistofnun setja rjúpu á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Fækkun rjúpunnar getur haft skaðleg áhrif í fæðuvefnum og nægir þar að benda á áhrif hennar á afkomu fálkans. Ísland ber ábyrgð á einum stærsta fálkastofni Evrópu og lífsafkoma fálkans er algjörlega háð rjúpunni. Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun að aðgerðir til að snúa við þessari þróun séu bæði réttlætanager og nauðsynlegar.

Náttúrufræðistofnun bendir á að ofveiði er nærtæk skýring á þessari miklu fækkun rjúpunnar. Einnig að lítil munur er í raun á hlutfallslegum afföllum rjúpna í fækkunarárnum og fjölgunarárnum, þannig að bætist afföll vegna veiða að einhverju eða öllu leyti við önnur afföll, þá má lítið útaf bera til að veiðar hamli vexti stofnsins. Auk þess er takmörkun á skotveiðum eina tækið sem stjórnvöld hafa til að ná skjótum árangri og snúa við þeirri öfugþróun sem hér hefur verið lýst. Líta ber á rjúpnaveiðar sem tómstundagaman en ekki atvinnu. Því leggur Náttúrufræðistofnun til að öll verslun með rjúpur, hvaða nafni sem hún nefnist, verði óheimil og það bann verði ótímabundið. Með sölubanni mætti mögulega takmarka veiðisóknina um helming. Jafnframt þessu leggur stofnunin til að veiðitíminn verði stytur niður í einn mánuð meðan ástand stofnsins er jafn bág og raun ber vitni og að veitt verði í nóvember eingöngu næstu fimm ár að minnsta kosti. Til greina kemur, einkum m.t.t. hversu stutt er uns rjúpnaveiði hefst í haust, að fresta þessari styttingu veiðitímans til haustsins 2003.

Náttúrufræðistofnun leggur einnig til að takmörkunum á veiði verði fylgt eftir með rannsóknum. Þessar rannsóknir fælust í því annars vegar að búa til stofnlíkan fyrir rjúpu og hins vegar að bæta vöktun stofnsins umfram það sem þegar er. Tilgangurinn með slíku stofnlíkani væri að skoða möguleg áhrif skotveiða og rándýra á stofnsveiflu rjúpunnar. Slíkt verkefni

byggist ekki aðeins á fræðilegri vinnu og úrvinnslu gagna heldur einnig á útvinnu sem miðar að því að breytur í líkaninu gefi raunsanna mynd af ástandinu. Með aukinni vöktun er ekki síst átt við að virkja þurfi betur en áður þann kraft sem felst í áhuga þeirra þúsunda veiðimanna sem ganga til rjúpna.

Virðingarfyllst,  
*Jón Gunnar Ottósson*  
forstjóri.

## Fylgiskjal II.


Ólafur K. Nielsen:

### Um ástand rjúpnastofnsins

(21. ágúst 2002.)

Rjúpan er þýðingarmikill fugl í íslensku vistkerfi. Hún er ríkjandi grasbítur meðal hryggdýra á þerrlendi og skipar mikilvægan sess í fæðuvefnum og er m.a. forsenda fyrir tilvist fálka á Íslandi. Rjúpan er að auki vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Frá því að veiðikortakerfið var tekið upp 1995 hefur meðalveiðin verið um 148.000 rjúpur á ári og hafa rúmlega 5.000 veiðimenn tekið þátt í veiðunum ár hvert. Samkvæmt veiðiskýrslum dreifist aflinn mjög misjafnlega á milli veiðimanna, en um 10% þeirra hafa að jafnaði verið með um helming aflans. Rjúpan hefur verið verslunarvara um langa hríð og þeir tugir þúsunda fugla sem á hverju ári fara um kjötmarkaði landsins koma frá þessum svokölluðum magnveiðimönnum.<sup>1</sup>

Stærð íslenska rjúpnastofnsins hefur sveiflast og um 10 ár hafa liðið á milli hámarksára. Munur á fjölda rjúpna í hámarksári og lægðinni sem á eftir fylgir hefur verið 4–10-faldur.<sup>2,3</sup> Stofnbreytingar ráðast af vetrarafföllum og skipta þar örlög fyrsta árs fugla mestu máli; í fækkunarárum eru afföll þeirra að jafnaði 92% og 85% í fjölgunarárum.<sup>3</sup> Þessar sveiflur eru náttúrulegt fyrirbæri og stjórnast ekki af skotveiðum. Hliðstæðar sveiflur eru þekktar hjá ýmsum tegundum grasbíta á norðurlóðum.<sup>4</sup> Talið er að skýringanna á stofnsveiflunum sé að leita í fæðuvefnum, þ.e. annað hvort hjá þeim plöntum sem dýrin bíta eða þeim rándýrum sem á þau herja.<sup>5</sup> Þessar sveiflur hafa verið við lýði öldum saman hér á landi a.m.k. Stofnsveiflan sést m.a. í tölum um útfluttar rjúpur frá Íslandi á árunum 1864–1940 (1. mynd) og útflutta fálka á árunum 1731–1793, en vitað er að fálkastofninn sveiflast í takt við rjúpnastofninn.<sup>2,6</sup>



1. mynd. Rjúpur fluttar út frá Íslandi til Evrópu 1864-1940. Rjúpur voru alfríðaðar árin 1915, 1920-1923, 1930-1932 og 1940-1942.

### Hver er mælistika stofnbreytinga?

Sá kvarði sem notaður hefur verið til að meta stofnbreytingar rjúpunnar á Íslandi eru karratalningar.<sup>3</sup> Þessar talningar fara fram á óðalstíma rjúpunnar á vorin og það sem menn telja eru karrar, karlfuglar rjúpunnar. Sömu svæði eru talin ár eftir ár og þannig fæst vísitala stofnbreytinga. Innan landshluta eru stofnbreytingarnar yfirleitt í takt og á sumum skeiðum líka á milli landshluta. Karratalningar gefa rétta mynd af stofnbreytingum rjúpunnar þar sem kynjahlutföll eru jöfn, nær allir karrar helga sér óðul, auðvelt er að koma auga á karrana og svæðin eru talin á sama máta ár hvert.

Rjúpnatalningar á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands hófust vorið 1963 og þá var talið á fjórum svæðum.<sup>3</sup> Áður hafði Héðinn Ólafsson á Fjöllum í Kelduhverfi hafið karratalningar vorið 1950. Tvö talningasvæði bættust við 1977, sex 1981 og mörg svæði hafa bæst við eftir 1994. Vorið 2002 var talið á samtals 35 svæðum allt umhverfis landið. Ógetið er rjúpnatalninga Sigurfinns Jónssonar. Hann hefur talið rjúpur í veiðiferðum sínum í Skagafirði flest haust frá 1944.<sup>7</sup>


### Stofnbreytingar 1981–2002

Stofnsveiflan og skortur á langtíma gögnum hefur gert alla umræðu um ástand rjúpnastofnsins erfiðari. Vegna stofnsveiflunnar þarf gögn sem spanna að lágmarki tvær sveiflur þannig að hægt sé að segja eitthvað fyrir um ástand stofnsins, þ.e. hvort hann sé stöðugur, á uppleið eða á niðurleið þegar til lengri tíma er litið.

Tímabilið 1981–2002 spannar tvær stofnsveiflur og talningar eru til fyrir 10 svæði á þessum tíma. Öll talningasvæðin sýna að rjúpum hefur almennt fækkað á þessu skeiði (2. mynd). Línuleg aðhvarfsgreining sýnir marktæka fækkun miðað við 5% höfnunarmörk ( $P \leq 0,05$ ) fyrir öll svæðin nema eitt. Miðað við reiknaða aðhvarfslínu nemur fækkunin fyrir tímabilið 1981–2002 að jafnaði 66% (spönn 43–93%) eða 6% á ári (3–12%). Marktæknin ræðst af því að fyrri toppurinn er alltaf hærri en sá síðari og sama á við í sumum tilvikum um lágmarkið sem á eftir fylgir. Samkvæmt þessum niðurstöðum um ástand rjúpnastofnsins og alþjóðlegum viðmiðunum á íslenska rjúpan heima á valista sem tegund í yfirvofandi hættu (enska *vulnerable*).<sup>8</sup>


### Á fækkun rjúpunnar sé langan aðdraganda?

Miklu meira veiddist af rjúpu sum ár á fyrrihluta síðustu aldar en verið hefur frá 1995 og allt upp í 250.000 fuglar voru fluttir út á ári þegar mest var (1. mynd).<sup>9</sup> Eins og að ofan greinir eru talningar sem spanna tímabilið fyrir 1981 takmarkaðar að vöxtum. Hausttalningar Sigurfinns Jónssonar í Skagafirði og karratalningar Héðins á Fjöllum sýna að síðustu stóru rjúpnaárin voru 1945 og 1955 (3. og 4. mynd). Þetta er í samræmi við það sem bæði bændur og rjúpnaveiðimenn, sem muna þessa tíð, hafa sagt.




2. mynd. Niðurstöður karratalninga á 10 talningasvæðum 1981-2002. Tölur vanta fyrir Skaga og Hegrans 1996 og Hrisey 1981 og 1982. Sínd er reiknuð aðhvarfslina ásamt jöfnu, skýringarhlutfalli ( $R^2$ ) og líkindahlutfalli (P-gildi).

Hversu miklu meira var af rjúpu á þessum árum fyrir 1960 en nú þekkest? Samkvæmt karratalningum Héðins var rjúpnahámarkið 1955 2,2× stærra en hámarkið 1966, en 1,7× stærra samkvæmt talningum Sigurfinns. Ef miðað er við vegið meðaltal fyrir þau þrjú svæði sem til eru tölur yfir frá 1963 (Hrísey, Kvísker og Birningsstaðir) og gengið út frá því að munurinn á þessum svæðum 1955 og 1966 hafi verið sá sami og á Fjöllum (2,2×), þá voru 55% færri rjúpur í hámarkinu 1966 samanborið við 1955, 60% færri í hámarkinu um miðjan 9. áratuginn og 74% eða 4× færri í hámarkinu um miðjan 10. áratuginn samanborið við 1955. Miðað við þessar niðurstöður verða topparnir æ lægri og rjúpnasveiflan virðist að vera að sléttast út og hverfa. Þessi atburðarás virðist hafa hafist á 7. áratugnum. Ennfremur, ef litið er til þess hvað verið hefur af rjúpu í landinu síðustu 10 árin, þá hefur stofninn að öllum líkindum ekki verið jafn faliðaður í 100 ár a.m.k.



3. mynd. Karratalningar Héðins Ólafssonar við Fjöll í Kelduhverfi 1950 -1990.



4. mynd. Rjúpnatalningar Sigurfinns Jónssonar að hausti í Skagafirði 1944-2001. Hver punktur er meðalfjöldi rjúpna sem sáust í veiðiferð viðkomandi haust.

Ekki er vitað af hverju rjúpnastofninum hefur hrakað jafn mikið og raun ber vitni. Mögulegar skýringar geta verið ýmsar, t.d. ofveiði, atburðir í fæðuvefnum (t.d. aukið afrán vegna fjölgunar tófu eða rýrnun bithaga vegna uppblásturs og ofbeitar, o.fl.), og annað, s.s. aukin afföll vegna slysfara (girðingar og raflínur).

### Hvað ber að gera?

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að það beri að bregðast við þeim breytingum sem sannanlega hafa orðið á stærð rjúpnastofnsins á liðnum áratugum. Þó svo að orsakasambengið sé ekki þekkt þá gildir hér varúðarreglan (enska *precautionary principle*); rjúpan nýtur vafans og velja ber hverja þá aðgerð sem gæti mögulega snúið við þeirri þróun sem hér hefur verið lýst. Stofnunin vill benda á að hugsanlega er rjúpnasveiflan forsendan fyrir því að öflugur fálkastofn fái þrífist í landinu, þ.e. að samband fálka og rjúpu sé þannig að það þurfi stór hámarksár með reglubundnu millibili til að halda uppi fálkastofninum.<sup>5</sup>

Eini þátturinn sem hægt er að breyta, þegar til skemmri tíma er litið, er veiðin. Fjórir möguleikar koma þar til greina:


1. Sölubann
2. Stytting veiðitíma
3. Veiðibann
4. Kvóti

Með banni á viðskiptum er átt við alla verslun með rjúpur hvaða nafni sem hún nefnist, þ.e. hvort heldur er um að ræða sölu til einstaklinga, verslana, veitingahúsa eða til útflutnings. Slíkt bann myndi bitna á magnveiðimönnum og viðskiptavinum þeirra. Með banni á verslun væri hvatinn til magnveiða ekki lengur fyrir hendi í sama mæli og áður. Talið er að um helmingur allra veiddra rjúpna fari á kjötmarkaði og því gæti þessi leið dregið verulega úr veiðum án þess að skerða hagsmuni þorra veiðimanna.

Stytting veiðitíma er líka vænleg leið til að takmarka veiði. Til að draga úr veiði um 50%, þ.e. jafnmikið og vænst er með sölubanni (samanber hér að ofan), þyrfti að færa veiðitímamann niður í rúmar tvær vikur (5. mynd). Forsendan hér er að endurheimtur merktra rjúpna á veiðitíma gefi rétta mynd af því hvernig rjúpnaafli dreifist, samanber 5. mynd. Þessi leið myndi bitna jafnt á öllum veiðimönnum, bæði magnveiðimönnum og sportveiðimönnum, og hún myndi líka hafa veruleg áhrif á þá sem kaupa rjúpur, þ.e. einhverjar rjúpur verða á markaði en verulega færri en ella.

Ólíklegt er að kvótasetning á veiðimenn, t.d. með leyfilegum hámarksafli á dag, muni skila nokkrum árangri. Engin leið er að fylgja slíkum takmörkunum eftir. Algjört veiðibann hefur verið reynt nokkrum sinnum á Íslandi (1. mynd). Slík aðgerð gæti skilað skjóttum árangri en myndi væntanlega mæta mikilli andstöðu skotveiðimanna og samtaka þeirra.





5. mynd. Uppsafnaðar endurheimtur merktra rjúpna, sem skotnar voru á veiðitíma, skipt eftir vikum.

### Ritskrá

- <sup>1</sup> Nefnd um aðgerðir vegna veiða á villibráð. Niðurstaða og tillögur nefndarinnar. 14. maí 2002. 18 bls.
- <sup>2</sup> Ólafur K. Nielsen & Gunnlaugur Pétursson 1995. Population fluctuations of gyrfalcon and rock ptarmigan: analysis of export figures from Iceland. *Wildlife Biology* 1: 65–71.
- <sup>3</sup> Ólafur K. Nielsen 1999. Vöktun rjúpnastofnsins. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar* 39, 55 bls.
- <sup>4</sup> Keith, L.B. 1963. *Wildlife's ten year cycle*. University of Wisconsin Press, Madison, WI.
- <sup>5</sup> Krebs, C.J., S. Boutin & R. Boonstra 2001. *Ecosystem dynamics of the boreal forest*. Oxford University Press, New York.
- <sup>6</sup> Ólafur K. Nielsen 1999. Gyrfalcon predation on ptarmigan: numerical and functional responses. *Journal of Animal Ecology* 68: 1034–1050
- <sup>7</sup> Ólafur K. Nielsen í prentun. Rjúpan er minn fugl – úr veiðidagbókum Sigurfinns Jónssonar. *Tímarit SKOTVÍS*.
- <sup>8</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. 103 bls
- <sup>9</sup> Finnur Guðmundsson, F., 1951: *Álitsgerð um áhrif veiða á íslenska rjúpnastofninn*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík, 20 bls.

**Fylgiskjal III.****Bréf Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum,  
til umhverfisráðherra.  
(24. september 2001.)**

Á aðalfundi Eyþings 31. ágúst og 1. september sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Aðalfundur Eyþings, haldinn í Hrísey 31. ágúst og 1. september 2001, tekur undir erindi Svalbarðshrepps um að stytta rjúpnaveiðitímabilið um 2 vikur. Lagt er til að veiðitímabilið hefjist 1. nóvember. Búast má við að landið þoli frekar ágang veiðimanna eftir að frysta tekur, og veiðin verði meiri íþrótt vegna þess að möguleiki rjúpunnar til lífs eykst.

Í erindi frá hreppsnefnd Svalbarðshrepps sem lagt var fyrir aðalfund Eyþings kom eftirfarandi fram:

„Sókn í rjúpnastofninn hefur farið árvaxandi og samfara því hefur utanvegaakstur og landspjöll og sjónmengun af völdum hans orðið æ meira vandamál, sem illa gengur að hafa hemil á, þrátt fyrir tilburði lögreglu og landeigenda í þá veru. Það er skoðun hreppsnefndar Svalbarðshrepps að það væri til verulegra bóta í þessum efnum að hefja veiðar ekki fyrr en 1. nóvember. Þá er jörð yfirleitt tekin að frjósa og snjór kominn í hærrí afréttir, en þó nægur tími fyrir þá sem vilja ganga til rjúpna að ná í jólamatinn. Þá er það samdóma álit kunnugra að nú í sumar sé mun minna af varprjúpu hér í Norður-Þingeyjarsýslu en verið hefur undanfarin ár.“

Ályktun aðalfundarins er hér með komið á framfæri.

f.h. stjórnar Eyþings,

*Pétur Þór Jónasson*  
framkvæmdastjóri.